

[Ábendingar frá Heimsminjanefnd Íslands]

Frá: margret@thjodminjasafn.is [margret@thjodminjasafn.is]

Sent: 16. apríl 2010 15:46

Viðtakandi: Tómas Þór Tómasson

Afrit: ragnheidur.h.thorarinsdottir@mrn.stjr.is; kristinhuld@fornleifavernd.is;

sigurdur.thrainsson@umh.stjr.is; lovisaa@ust.is; margret@thjodminjasafn.is;

anna.lisa@thjodminjasafns.is; 'Ólafur'

Efni: Ábendingar heimsminjanefndar Íslands vegna rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða

Til verkefnisstjórnar rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða

Á fundi heimsminjanefndar Íslands þann 13. apríl sl. kynnti Fornleifavernd ríkisins vinnu við gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða (sbr. www.rammaaaetlun.is).

Samþykkt var á fundi nefndarinnar að benda verkefnisstjórn rammaáætlunar á samþykktu yfirlitsskrá stjórnvalda, um staði sem kemur til greina að tilnefna á heimsminjaskrá UNESCO. Fyrsta íslenska yfirlitsskráin var lögð fram á skrifstofu heimsminjanefndarinnar í París árið 2001 og er hún enn í gildi. Á henni eru auk Þingvalla og Surtseyjar, sem nú eru á heimsminjaskrá UNESCO; Skaftafell, Breiðafjörður, Núpsstaður, Keldur, Gásir, Reykholt, Víðimýri, Mývatn, Herðubreiðarlindir og Askja. Á nýrri yfirlitsskrá, sem nú er unnið að eru Breiðafjörður, Þingvallasvæðið allt, Vatnajökulspjóðgarður, Mývatn, raðtilnefning íslenskra torfbygginga ásamt tengdu menningarlandslagi. Auk þess er verið að vinna að undirbúningi að þátttöku í tveimur alþjóðlegum raðtilnefningum náttúruminja í tengslum við Atlantshafshrygginn svo og norrænar minjar sem tengjast menningu víkinga. Hér með er þessum upplýsingum komið á framfæri við verkefnisstjórnar rammaáætlunar til frekari skoðunar. Velkomið er að óska frekari upplýsinga hjá nefndinni verði þess óskað.

Virðingarfyllst f.h. heimsminjanefndar Íslands,
Margrét Hallgrímsdóttir, formaður

Heimsminjanefnd Íslands

Heimilisfang: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík

Sími: 545 9500 Bréfsími: 562 3068

Margrét Hallgrímsdóttir, Þjóðminjavörður / General Director Þjóðminjasafn Íslands / National Museum of Iceland, Suðurgata 41, 101 Reykjavík.

sími 5302200 / Tel 5302200 <http://www.thjodminjasafn.is>

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á.

Sjá nánar: <http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>